

**71. fundur Skólanefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1,
Tálknafirði, þriðjudaginn 13. nóvember 2012 og hófst hann kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Birna Benediktsdóttir (BB), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), Anna Kristín Hjálmarsdóttir (AKH), Hafdís Jónsdóttir formaður foreldrafélagsins, Margrét Pála Ólafsdóttir, skólastjóri, Kolbrún Sigurðardóttir, fulltrúi kennara og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (EIS) oddviti.

Fundargerð ritaði: Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir.

Dagskrá:

1. 0909096 - Upplýsingagjöf skólastjóra

MPÓ hefur gengið frá starfsleyfi leikskóladeildar á nýjum stað á kennitölu Tálknafjarðarhrepps. Leikskóladeild og breytingar í grunnskóladeild hafa verið teknar út og var úttektin án athugasemda.

MPÓ fór yfir niðurstöður samræmdra prófa. 39% nemenda var með framfarir umfram landsmeðaltal, 5% nemenda sýndu minni framfarir en landsmeðaltal og 59% nemenda var með framfarir jafnar landsmeðaltali.

Endurskoðun námskrárvinnu er hafin samkvæmt nýrri aðalnámskrá.

Skólalóðin við leikskóladeild, MPÓ leggur til að hægja á framkvæmdum og vinna að útfærslu á lóðinni í sátt og samvinnu við skólasamfélagið. MPÓ kynnti fyrstu drög frá hönnuðum skólalóðarinnar. Nokkrar umræður urðu um málið. Skólanefnd samþykkir að vísa málinu til hreppsnefndar varðandi framkvæmdir og fjármögnun.

2. 1001015 - Önnur mál

EIS og BB upplýsti skólanefnd um fund sem haldinn var í innanríkisráðuneytinu mánudaginn 12. nóvember.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:45.
